

Alþingi  
Erindi nr. P 140/361  
komudagur 18.11.2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóv. 2011

**Málefni: Umsögn Landspítala um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994 með síðari breytingum (gildistaka ákvæðis um smásölu), 170. mál**

Eins og segir í greinargerð frumvarpsins mun nýtt greiðslupáttökukerfi lyfja hafa grundvallarbreytingar í för með sér hvað varðar greiðslupáttöku sjúklinga. Lyfjaskírteini verða ekki eins algeng og verða ekki virk fyrr en sjúklingur hefur greitt upp að ákveðnu verðþaki. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að greiðslupáttakan nái til S-lyfja.

Í Sjúkrahúsapóteki LSH er heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsinu og til göngudeildarsjúklinga. Einungis er heimilt að afgreiða lyfseöla frá læknum sjúkrahússins. Í apótekinu fer því fram afgreiðsla á mjög sérstökum lyfjum sem erfitt er að fá afgreidd í öðrum apótekum. Auk afgreiðslu á þessum sérstöku lyfjum (S-lyf) fer fram afgreiðsla á almennum lyfjum. Sjúkrahúsapótek LSH hefur hingað til ekki veitt afslátt af smásöluverði lyfja til viðskiptavina.

Stór hluti viðskiptavina sjúkrahúsapóteksins eru handhafar lyfjaskírteina. Verði afsláttur enn við líði ásamt nýju greiðslupáttökukerfi lyfja gætu því viðskiptavinir sem hingað til hafa verslað við Sjúkrahúsapótek LSH séð einhvern hag sinn í að versla við önnur apótek, muni þau áfram veita afslátt, þar til verðþaki hefur verið náð. Með þessu gæti Landspítali orðið af einhverjum tekjum.

Hinsvegar má áætla að þar sem flestir viðskiptavinir Sjúkrahúsapóteks LSH nota töluvert af lyfjum þá væri hagur þeirra meiri en minni að komast sem fyrst upp í verðþakið og fá lyfjaskírteini sem fyrst. Með því gætu þeir haldið áfram að versla við Sjúkrahúsapótekið einkum þar sem hluta lyfja þeirra er einungis hægt að fá afhent hjá LSH.

Það er illfyrirsjáanlegt hvort apótek munu halda áfram að veita afslátt á smásöluverði lyfja í kjölfar nýs greiðslupáttökukerfis og hvort sjúklingar munu þiggja afslátt. Sjúklingur sem neytir fárra lyfja í dag veit ekki hvort hann muni neyta fleiri lyfja á morgun og því gæti hann valið að safna upp í verðþakið strax og hefði því ekki hag af afsláttum. Það má einnig líta á dæmið frá þeirri hlið að sjúklingur geri frekar ráð fyrir að ekkert komi fyrir hann og hann muni ekki þurfa á fleiri lyfjum að halda og velur því að þiggja afsláttinn.

Í greinargerð frumvarpsins kemur einnig fram að í fyrri greinargerð hafi verið „horft til þess að gildistaka banns við afslætti á lyfjaverði í smásölu skuli haldast í hendur við gildistöku nýrra laga um greiðsluþátttöku“. Hugsanlega væri heppilegra að meta áhrif nýs greiðsluþátttökukerfis með einni breyту (þ.e. nýtt kerfi) en ekki tveimur breytum (nýtt kerfi og áfram afslættir). Að öðru leyti gerir Landspítali ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
Fh. Landspítala



---

Ólafur Baldursson, starfandi forstjóri